

Nd.

510. Lög

um mentamálaráð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 17. mars).

1. gr.

Eftir alþingiskosningar skal í sameinuðu Alþingi kjósa með hlutbundnum kosningum fimm manna nefnd, er starfar alt kjörtímabilið og

kallast mentamálaráð Íslands. Hlutgengur í nefndina er hver íslenskur borgari, sem hefir kosningarrjett til Alþingis og er búsettur í Reykjavík, eða svo nærri bænum, að hann eigi auðvelt með að sækja þangað daglega fundi. Mentamálaráðið skiftir sjálfst með sjer verkum í byrjun hvers kjörtímabils, og skal þóknun fyrir störf þess ákveðin í fjárlögum. Annar nauðsynlegur kostnaður greiðist af skrifstofufje stjórnarráðsins.

2. gr.

Hlutverk mentamálaráðs Íslands er:

- a. Að úthluta árlega því fje, sem Alþingi veitir til viðurkenningar skáldum og listamönnum.
- b. Að kaupa fyrir landsins hönd listaverk fyrir það fje, sem kann að vera veitt í því skyni í fjárlögum.
- c. Að hafa yfirumsjón með listaverkasafni landsins og undirbúa, eftir því sem unt er, byggingu listasafns í Reykjavík.
- d. Að leggja samþykki á teikningar af kirkjum þjóðkirkjusafnaða, bæði nýbyggingum og breytingum, svo og hvar kirkja skuli standa. Ennfremur að kaupa altaristöflur handa kirkjum þjóðkirkjusafnaða, eftir því sem fje er til þess lagt frá hlutaðeigendum.
- e. Að úthluta námsstyrk, er árlega greiðist úr rikissjóði til stúdentu og annaru nemendu erlendis. Skal mentamálaráðið við úthlutun námsstyrks veita fyrst og fremst til þess náms, sem sýnilega er mest þörf fyrir í landinu, og sje út af þeirri reglu brugðið, þá aðeins þar sem um alveg óvenjulega sjerhæfileika er að ræða. Að öðru leyti skal við úthlutun þessa námsstyrks farið eftir hæfileikum nemendu, dugnaði og reglusemi. Mentamálaráðið skal eftir fremsta megni, með aðstoð sendimanna Íslands erlendis, hafa eftirlit með, að styrkþegar fari vel með fje sitt og tíma, og sje sannanlega út af brugðið, getur nefndin svift þá framhaldsstyrk.
- f. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annaru landa til manna, sem fara til útlanda til alþjóðargagns.
- g. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða með sjerstöðum lögum til eflingar lista og visinda á Íslandi, enda sje mentamálaráðinu falið þetta vald í stofnskrám sjóðanna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.